

Hægt er að hindra afhendingu handritanna

- ef tíminn er nú notaður til að fræða dönsku þjóðina um málið, segir danskur þingmaður í grein í Berlingske Tidende

Einkaskeyti til Mbl.

Kaupmannahöfn, 12. nóv. EINN þingmanni íhaldsflokksins, Erik Ninn Hansen, lögfræðingur, ritar í dag langa grein í Berlingske Tidende þar sem hann ræðir þann möguleika að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku vegna handritamálsins. Í upphafi greinarinnar slær höfundur eftirtöldu föstu um hver örlög handritafrumvarpsins muni verða í danska þinginu: „Svo er helzt að sjá af meðferð málsins á fyrstu stigum þess, að drjúgur meirihluti þingmanna muni fylkja sér fast um afhendinguna. Andstæðingar afhendingarinnar eru nokkrir fleiri en 1961 að ég hygg, en þessi minnihluti hefur engga raunverulega möguleika á að hindra samþykkt laganna.“

Ninn Hansen heldur áfram með því að segja að engu að síður geti andstaðan gegn afhendingu handritanna haft áhrif á endanlega lausn málsins. Hann telur einnig, að tími sá, sem frumvarpið verður til meðferðar í þinginu, geti verið þýðingamikill varðandi málalokinn, ef rétt sé á honum haldið. Hann bendir á að þeir 60 þingmenn, sem 1961 öskuðu eftir því að samþykkt laganna yrði frestað, hefðu allt að einu getað farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, en þá hafi málið gengið í gegnum þingið með slík um hraða, að hindrað hafi öflun nægra upplýsinga um það.

Ninn Hansen segir og, að frestunin 1961 hafi frá bæjardýrum andstæðinga afhendingarinnar séð verið gerð sökum þess, að um eignarnám væri að ræða. Eignarnámslög sé ekki hægt að bera undir þjóðaratkvæði en varðandi þau handrit, sem ekki koma frá Árnasafni heldur ríkisskjalasafninu, sé ekki um

eignarnám að ræða. Ef þingið breytti nú afstöðu sinni, og héldi því fram að um eignarnámslög væri að ræða, gætu andstæðingar málsins krafist þjóðaratkvæðagreiðslu með tilliti til þess, að handritagjöfin sé ekki að öllu leyti eignarnám. Hansen segir enn: „Formsatirði þessa máls mega þó ekki vera afgerandi. Ef með samngirni má ætla, að meirihluti þjóðarinnar sé ekki sammála þingmeirihlutunum, hlýtur það einnig að vera samngirnismál að efna til svonefndrar leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Ninn Hansen heldur enn áfram og segir: „Því hefur áður verið haldið fram að engar andspyrnu myndi gæta meðal þjóðarinnar varðandi afhendinguna. Þessu sjónarmiði er m.a. fram haldið af nefnd, sem skipuð var í handritamálið 16. september 1957. Nefndin, sem á sér stuðningsmenn í röðum lýðháskólamanna, sendi 15. maí 1961 álit til þingnefndarinnar, sem um málið fjallaði. Í álitinu, sem undirritað var af Bent A. Koch, ritstjóra og formanni nefndarinnar, sagði m. a. svo: „Nefndin telur sig sannfærða um, að ef frá eru taldir einstakir þjóðernissinnahópar og þröngur hópur háskólamanna, muni meðal dönsku þjóðarinnar ríkja almennur skilningur á því, að íslendur fá nú handrit sín og þar með endanlega viðurkenningu á menningarlegu og stjórnmálaglegu sjálfstæðis landsins.“

Um þetta segir Hansen: „Bæði að efni og útliti er þetta nefndarálit ógrun við alla andstæðinga afhendingarinnar. Spurningin er nú aðeins sú, hvort and-

stæðingarnir geta vísað mati Kochs ritstjóra á þjóðarviljanum til föðurrúsanna og ryðja þar með brautina til þjóðaratkvæðagreiðslu. Öll líkindi eru á, að málalok verði þau, að handritin verði afhent, ef þeir aðilar, sem vilja að þau verði áfram hér í landinu halda að sér hindrun. En það er hægt að hindra að handritin verði afhent ef tím inn verður nú notaður til þess að upplýsa fólkið. Hverjir vilja taka það starf að sér? Í hverjum kaupstað og hverri sýslu er hópur áhugasamra samborgara, sem munu nota þennan vetur til þess að leggja sitt af mörkum svo handritin megi verða hér áfram, og þá um leið sinn skerf til vísindanna. Vilja menn ekki nota þetta einstæða tækifæri til að skapa beint samband milli þjóðarinnar og humanískra vísinda í Danmörku? Handritamálið getur orðið upphafið að umfangsmiklum menningarframskiptum og þjóðaratkvæðagreiðslu í þess orðs fyllstu merkingu. Jafnframt mundi vinnast endurnýjun á hinni stjórnmálaglegu starfsemi, og þjóðaratkvæðið mundi skipa þann sess, sem margir óska að það geri.“

— Rytgaard.



Thor Thors, Kristján Albertsson og Sigurður Bjarnason á þingi S. P.

Kristján Albertsson talar á hádegisfundi Varðbergs

NÆSTI hádegisfundur „Varðbergs“, félags ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, verður haldinn á laugardaginn kemur, 14. nóvember, í Þjóðleik húskjallaranum og hefst hann kl. 12.30.

Á fundinum mun Kristján Albertsson rithöfundur flytja ræðu og drepa þar á ýmsa þætti alþjóðamála, en hann hefur sem

kunnugt er haft nán afskipti af þeim málum um langt skeið, m.a. átt sæti í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hann var einnig á sínum tíma skipaður í nefnd, sem starfaði á vegum Sameinuðu þjóðanna að því að kanna möguleikana á sameiningu Þýskalands. Mun Kristján rifja upp ýmislegt það, sem gerzt hefur á sviði alþjóðastjórnmála og menningarmála á þeim langa ferli, sem hann hefur fylgt með gangi þessa mála.

Auk félagsmanna í „Varðbergi“ gefst meðlimum í „Samtökum um vestræna samvinnu“ kostur á að taka þátt í fundinum.

Þetta er annar hádegisfundurinn, sem „Varðberg“ í Reykjavík efnir til á þessum vetri, en slíkir fundir eru fastur liður í starfsemi félagsins.

Eldgos á Kamtsjaka

Moskva, 12. nóv. — (AP) — FRÉTTASTOFAN Tass skýrði frá því í dag að í nótt hefði hafist mjög kröftugt eldgos í eldfjalli á Kamtsjaka-skaga. Hér er um að ræða eldfjallið Shiveluch. Gosið hófst með mikilli sprengingu kl. hálf tvö í nótt (ísl. tími) og stóð fyrsta hrinin í 2½ klst. samfellt. — Miklar jarðhræingar fylgdu gosinu, og í morgun var 4 sm. þykkt öskulag á stóru svæði umhverfis eldfjallið. Strjálbýlt er á Kamtsjaka, og ekki er talið að eignum og mannslífum stafi hættu af gosinu.

50. jólamerki Thorvaldsenfélagsins

JÓLAMERKI Thorvaldsenfélagsins er komið á markaðinn, en haldið gefur að venju út jólamerki á jólapóstinn, eins og það hefur gert síðan árið 1913. Þetta er 50. jólamerkið, því árið 1917 tündist jólamerkjasendingin í hafi af völdum stríðsins, og kom það merki því aldrei út.

Merkið í ár teiknaði Eggert Guðmundsson, listmálari. Það er prentað með neonlitum, grunn-

urinn blár, og hægt að velja um tvo bláa líti. Á honum er gylt jólastjarna með áletruninni „Friður á jörðu“ og 1964, og auk þess eru á merkinu mynd af kerti og fleiri áletranir: Jól, Ísland og Barnauppléðissjóður Thorvaldsenfélagsins. Er merkið hið smekkleigasta. Það er selt í bókabúðum, pósthúsum og á Thorvaldsensbazarnum.

Ágóðinn rennur að venju til Barnauppléðissjóðs félagsins, sem beitir sér fyrir ýmsum líkarnarstörfum í þágu barna og er þess skemmt að minnst að sjóðurinn afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna.

Blástursaðferð í Gagnfræðaskóla Akureyrar

Lionsklúbbur gefur æfingabréðu

AKUREYRI, 12. nóv. — Lionsklúbbur Akureyrar hefur gefið Gagnfræðaskólanum á Akureyri afar fullkomna brúðu til notkunar við kennslu í blástursaðferð við lífgun úr dauðadái. Þorður Gunnarsson, klúbbsjóni, afhenti gjöfina á hádegisverðafundi í Sjálfstæðishúsinu í dag, en skólastjóri veitti henni viðtöku og mælti nokkur þakkarorð.


Er ætlunin að taka upp í skólanum kerfisbundna kennslu í blástursaðferð, þannig að allir nemendur, sem ljúka skýldunámi hljóti fræðslu og þjálfun með hjálp brúðunnar. Auk þess fái a.m.k. verðandi gagnfræðing-

ar slíka þjálfun ár hvert. — St. Eir.

Írar greiða helming tollsins fyrir iðnaðinn

Dublin, 12. nóv. — (NTB)

Írski stjórnin hefur ákveðið að grípa til gagnráðstafana vegna 15% innflutningstollsins, sem brezka stjórnin hefur ákveðið á öllum innflutningi til Bretlands að matvælum undanskildum. — Írski stjórnin hefur tilkynnt að þess í stað muni hún greiða sem svarar helmingi tollsins fyrir írski iðnaðinn.



UM HÁDEGI í gær var yfirleitt kyrrt veður hér á landi, en víða hrímþoka norðan lands. Ný lægð er að nálgast suðvestan af hafi og er því búist við vaxandi SA-átt og rigningu í dag.

Veðurhorfur kl. 22 í gærkvöldi: Suðvesturmið A-kaldi, eða stinningskaldi fram eftir degi á morgun, A-stormur og rigning með kvöldinu. Suðvesturland til Breiðafjarðar, Faxaflóamið og Breiðafjarðar miðri, A-eða NA-kaldi og bjart viðri, þykknar upp með vaxandi A-átt annað kvöld. Vest

firðir og miðin: Allhvasst NA, snjókomu norðan til. Norðurland til Austfjarða og miðin: NA-kaldi, þokuþétt og víða síyddu eða rigning. Suðausturland og miðin: A-kaldi og sums staðar skúrir fram eftir degi, hvass Austur-rigning annað kvöld. Austurjúp: NA-kaldi þukloft norðan til, en SV-stinningskaldi og skúrir í svöst.

Horf á laugardag: Austlæg átt og skúraveður sunnanlands, sennilega hvöss NA átt og snjókomu norðan til á Vestfjörðum og á annan jóm Norðanlands.


Myndvefnaðarsýning í Bogasalnum

ÁSGERÐUR Búadóttir hefur að undanförunu sýnt myndvefnað í Bogasalnum. Hefur verið góð að sókn að sýningunni og nokkur teppi eignarlagt.



Ásgerður Búadóttir

Sýningunni lýkur nú um helgina eða á sunnudagskvöld. Hún er opin daglega frá kl. 2 til 10 síðdegis.



Ólafur Friðriksson látinn

ÓLAFUR Friðriksson, fyrrum ritstjóri, lézt í sjúkrahúsi í fyrri-nótt. Hann var fæddur á Eskifirði 1886 og því 78 ára gamall er hann lézt. Foreldrar hans voru Friðrik Möller, póstmestari og Ragnheiður Jónsdóttir. Ólafur var gagnfræðingur frá Akureyri 1903 og dvaldist við framhaldsnám og ritstörf í Kaupmannahöfn 1906 til 1914. Ólafur tók mikinn þátt í opinberum málum, var forgöngumaður um stofn un Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins á sínum tíma og ritstjóri Alþýðublaðsins um skeið. Ólafur ritaði mikið um æfina, auk greina í blöð og tímarit skrifaði hann skáldsögur og fékkst í tómstundum við náttúrufraeðiathuganir og gróðurtilraunir.